

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis
við Vogabraut í Sveitarfélaginu Vogum.**

Með vísan til ákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 28. september 2010 samþykkt breytt deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Vogabraut.

Breytingin felst í því að byggingareitir á lóðum 1, 3 og 5 við Heiðarholt eru stækkaðir til norðvesturs um 8,5 m. Jafnframt er lóð fyrir spennistöð við Hraunholt sett inn og lóðarstærð Hraunholts 1 leiðrétt til samræmis við lóðarblað.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 26. mars 2009, sem öðlaðist gildi 22. maí 2009.

Vogum, 19. október 2010.

F.h. bæjarstjórnar,

Eirný Valsdóttir bæjarstjóri.